

Bæjarlíf/Skólalíf

Annasamur október

Októbermánuður var fjölbreyttur og skemmtilegur í skólastarfinu. Fulltrúar frá Menntamálastofnun komu í heimsókn til að kynna sér skólastarfið, 8. bekkingar fóru í svokallaða fermingarferð í Vatnaskóg í samstarfi við kirkjuna og bleikur dagur var haldinn daginn fyrir haustfrí til stuðnings baráttunni gegn brjóstakrabbameini. Hefðbundið haustfrí var svo dagana 12. og 13. október og föstudaginn 20. október fóru kennarar á haustþing sunnlenskra kennara á Hvolsvelli og annað starfsfólk kynnti sér skólastarf í tveimur skólum á höfuðborgarsvæðinu. Skólastjórnendur fóru á aðalfund Skólastjórafélags Suðurlands og námskeið um skjalavörslu í Hellishólum í Fljótshlíð.

Foreldraviðtöl og nýtt námsmat

Mánudaginn 23. október var starfsdagur í skólanum þar sem starfsfólk undirbjó foreldradag sem haldinn var daginn eftir. Viðtölin í ár fóru að miklu leyti í það að kynna fyrir foreldrum nýtt námsmatsfyrirkomulag sem byggir á aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Grunnskólans í Þorlákshöfn. Nú gefst foreldrum tækifæri til að fylgjast með framgangi námsins hjá börnunum allan veturinn þar sem kennarar setja jafnóðum inn á Mentor vitnisburð fyrir námsmatsverkefni og þau viðmið sem verkefni byggja á. Er það von okkar í skólanum að þetta veiti foreldrum enn betri innsýn í námið og virki einnig hvetjandi fyrir nemendum.

Sláturgerð og hádegismatur á Níunni

Sú skemmtilega hefð hefur skapast á síðustu árum að 9. bekkur fer á Níuna og tekur þátt í sláturgerð með eldri borgurum og starfsfólki þar. Þannig eru slegnar margar flugur í einu höggi; unglíngarnir hjálpa til við verkið, þeir kynnast þessari gömlu matargerðarhefð sem því miður virðist á undanhaldi á heimilum og síðast en ekki síst eiga kynslóðirnar saman notalega samverustund. Í ár var sláturgerðin um miðjan október og hálfum mánuði síðar var krökkunum svo boðið í hádegismat á Níuna og að sjálfsögðu var slátur í matinn.

Nóvember hófst á hryllingi!

Hrekkjavaka virðist vera að ryðja sér til rúms í skemmtanahaldi landans. Þar eru grunnskólarnir engin undantekning og á sjálfan hrekkjavökudaginn, 31. október mátti sjá ýmsar hryllingsverur, blóði drifna drauga og skemmtileg fyrirbæri á göngum skólans. Hrekkjavökuball fyrir 7. -10. bekk var svo haldið fimmtudaginn 2. nóvember en það höfðu 10. bekkingar undirbúið af kostgæfni, sett upp drungalegt draugahús og fundið og fönðrað alls kyns hryllingsfyrirbæri til að skreyta með. Ballið tókst vel og gaman að sjá hve margir komu í búningum.

Þorgrímur í heimsókn.

Föstudaginn 3. nóvember kom rithöfundurinn og knattspyrnukempan Þorgrímur Þránínsson í heimsókn í skólann. Fyrst hitti hann nemendur á unglíngastigi og flutti fyrir þá fyrirlesturinn „Verum ástfangin af lífinu“. Á miðstigi talaði hann við krakkana út frá íþróttum og velgengni landsliðanna í knattspyrnu en það erindi kallaði hann „Sterk liðsheild“. Eins og nöfn erindanna gefur til kynna talar hann til unglínga á jákvæðum nótum, bendir þeim á leiðir til að styrkja sjálfsmýnd sína og þar með hópsins og hvetur þá til að taka fagnandi á móti hverjum degi með jákvæðni að leiðarljósi. Þorgrímur náði vel til krakkanna okkar og sköpuðust skemmtilegar umræður í báðum hópum um lífið og tilveruna.

Með bestu kveðjum úr Grunnskólanum í Þorlákshöfn, Sigþrúður Harðardóttir